



Borgarráð

Reykjavík, 4. nóvember 2024

MSS24100059

## **Viljayfirlýsing á milli Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um mótun framtíðarsýnar fyrir Vísindaheima í Háskólabíói**

Lagt er til að borgarráð staðfesti hjálagða viljayfirlýsingu á milli Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um mótun framtíðarsýnar fyrir Vísindaheima í Háskólabíói. Í því felst að myndaður verði starfshópur þar sem helstu verkefni verði að gera áætlun um mögulega áfangaskiptri uppbyggingu Vísindaheima, kortleggja og leita samstarfsaðila og gera drög að rekstrarlíkani. Einnig eru lögð fram drög að erindisbréfi starfshópsins þar sem tilnefnd eru, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, Hulda Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri atvinnu- og borgunarþróunar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og Arndís Steinþórsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála á skóla- og frístundasviði.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Drög að viljayfirlýsingu um mótun framtíðarsýnar fyrir Vísindaheima í Háskólabíói, ódags.

Drög að erindisbréfi starfshóps um uppbyggingu Vísindaheima í Háskólabíói, ódags.



**Reykjavík**



## Viljayfirlýsing um mótun framtíðarsýnar fyrir Vísindaheima í Háskólabíói

Háskóli Íslands, kt.600169-2039, og Reykjavíkurborg, kt.530269-7609, gera með sér eftirfarandi viljayfirlýsingu um samstarf um mótun framtíðarsýnar fyrir Vísindaheima í Háskólabíói.

Vísindasmiðja Háskóla Íslands hefur verið starfrækt síðan í mars 2012 og hefur á þessum árum tekið á mótí samtals um 36 þúsund grunnskólanemum í skipulögðum skólaheimsóknum. Einnig koma bæði framhaldsskólahópar og leikskólar reglubundið í heimsóknir en auk þessa hefur smiðjan ferðast víða um landið og jafnframt verið í nánú samstarfi við menningar- og menntastofnanir um opna viðburði fyrir fjölskyldur og alla áhugasama. Reynsla síðustu 12 ára hefur sýnt að mikil þörf og áhugi er fyrir gagnvirku, lifandi vísinda„setri“.

Framundan er því að móta framtíðarsýn fyrir fullburða vísindasetur (e. Science Center) í nýrri aðstöðu í Háskólabíói, opið almenningi. Setrið hefur fengið vinnuheimtið „Vísindaheimar“.

Myndaður verði starfshópur þar sem helstu verkefni eru:

- Gera áætlun um mögulega uppbyggingu Vísindaheima og hvernig mætti skipta uppbyggingunni í áfanga
- Gera tillögur um hvaða starfsemi fari einkum fram í Vísindaheimum
- Kortleggja og leita til samstarfsaðila sem hafa áhuga á að taka þátt í uppbyggingu Vísindaheima í Háskólabíói
- Gera drög að rekstrarlíkani fyrir Vísindaheima og áætlun um mögulegan kostnað við hvern áfanga, bæði varðandi breytingar á húsnæði og uppbyggingu tækjabúnaðar

Í vinnunni sem er framundan verði horft til samstarfs ýmissa áhugasamra aðila auk Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Stefnt er að því að með tímanum geti rekstur Vísindaheima orðið sjálfstæður og sjálfbær, en með sterka bakhjarla.

Reykjavík, \_\_\_\_ . nóvember 2024

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Reykjavíkurborgar

---

Jón Atli Benediktsson  
rektor

---

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um uppbyggingu Vísindaheima í Háskólabíói

#### Ábyrgðarmaður:

Jón Atli Benediktsson, rektor

#### Inngangur:

Vísindasmiðja Háskóla Íslands hefur verið starfrækt síðan í mars 2012 og hefur á þessum árum tekið á móti samtals um 36 þúsund grunnskólanemum í skipulögðum skólaheimsóknum. Einnig koma bæði framhaldsskólahópar og leikskólar reglubundið í heimsóknir en auk þessa hefur smiðjan ferðast víða um landið og jafnframt verið í nánú samstarfi við menningar- og menntastofnanir um opna viðburði fyrir fjölskyldur og alla áhugasama. Reynsla síðustu 12 ára hefur sýnt að mikil þörf og áhugi er fyrir gagnvirku, lifandi vísinda„setri“. Framundan er því að kanna hvort hljómgrunnur sé fyrir því að vinna að stækkun starfseminnar og mögulega koma upp fullburða vísindasetri (en: Science Center) í Háskólabíói, opið almenningi. Setrið hefur fengið vinnuheitið „Vísindaheimar“. Horft er til samstarfs ýmissa aðila, þar á meðal Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar og fleiri áhugasamra en stefnt er á að með tímanum geti rekstur Vísindaheima orðið sjálfstæður, en með sterka bakhjarla. Staðan með húsnæði í Háskólabíói er sú að á vormisseri 2025 losnar umtalsvert húsnæði sem Landsbankinn hafði til umráða þannig að strax haustið 2025 væri hægt að auka starfsemi Vísindasmiðju HÍ. Samhliða því væri unnt að vinna nánar að hugmyndum hugsanlega stækkun starfseminnar í áföngum, í húsnæði Háskólabíós. Orðið hefur að samkomulagi á milli Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar að fela starfshópi að kanna möguleika og undirbúa starfsemi Vísindaheima í Háskólabíói.

#### Helstu verkefni:

- Gera áætlun um mögulega uppbyggingu Vísindaheima og hvernig mætti skipta uppbyggingunni í áfanga
- Gera tillögur um hvaða starfsemi fari einkum fram í Vísindaheimum
- Leita hagaðila/styrktaraðila sem hafa áhuga á að taka þátt í uppbyggingu Vísindaheima í Háskólabíói
- Gera áætlun um mögulegan kostnað við hvern áfanga, bæði varðandi breytingar á húsnæði og uppbyggingu tækjabúnaðar
- Gera rekstrarlíkan fyrir Vísindaheima út frá mismunandi forsendum um stærð og umfang.

#### Starfshópin skipa:

Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri, HÍ

Guðrún Jónsdóttir Bachmann, Vísindasmiðju HÍ

Ingibjörg Gunnarsdóttir, aðstoðarrektor vísinda frá HÍ

Hulda Hallgrímsdóttir, verkefnastjóri atvinnu- og borgarþróunar, SBB, Reykjavíkurborg

Arndís Steinþórsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála á skóla- og frístundasviði,

Reykjavíkurborg

**Verkefnisstjóri starfshópsins:**

Kemur frá Vísindasmiðju Háskóla Íslands

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstímabil og skil:**

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum fyrstu tillögum fyrir lok 15. febrúar 2025. Ef starfshópurinn telur þörf á tilteknum útgjöldum vegna undirbúningsvinnunnar skal leita samþykkis Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar eftir atvikum en framlag Reykjavíkurborgar er háð fjárhagsáætlun hvers árs. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn hafi aðstöðu í HÍ eftir því sem þörf er á.